

91

29. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir fé gæzluvistarsjóðs skal reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli um langan tíma.

2. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Um greiðslu kostnaðar vegna hælislustar fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuðla.

3. gr.

Í stað orðanna „reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli“ í 15. gr. laganna kemur: reisa og reka gæzluvistarhæli.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

92

29. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stafliður b. undir 1. lölulið í 4. gr. laganna orðist svo:

Til að greiða stofnkostnað byggingar fiskiðnrannsóknna og fiskifræðirannsóknna 1/8% fram til ársloka 1957, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkvæmt 1. gr. sem þessu nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*